

## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

---

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um samstarf þjónustu- og nýsköpunarsviðs við Samband Íslenskra sveitarfélaga.**

Á fundi borgarráðs þann 8. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 13. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir nánari útskýringum á eðli og umfangi samstarfs þjónustu- og nýsköpunarsviðs við Samband Íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt Ísland í stafrænni umbreytingu. Í ræðu formanns stafræns ráðs í borgarstjórn 6. desember, kom fram að sviðið telji að sameiginleg innkaup með öðrum opinberum aðilum leiði til hagkvæmni og ávinnings fyrir alla. Þetta breytta viðhorf sviðsins gagnvart þátttöku borgarinnar í viðtækara samstarfi ríkis og sveitarfélaga kemur Flokki fólksins nokkuð á óvart. Eins og flestir vita hefur fulltrúi Flokks fólksins ítrekað verið að benda á mikilvægi samstarfs við Stafrænt Ísland, án þess að nokkuð hafi verið á það hlustað. Vert er að minnast á fyrirspurn frá Flokki fólksins á sínum tíma varðandi það af hverju þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi ekki tekið boði ríkisins til þátttöku í útboði ríkis og sveitarfélaga á Microsoft leyfum fyrir skóla. Þá var svar sviðsins á þá leið að Reykjavíkurborg hafi gert miklu betri samninga við Microsoft heldur en ríkið ásamt öðrum sveitarfélögum. Í framhaldi af því vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvort þær fullyrðingar sviðsins standist miðað við þá breyttu nálgun sem formaður stafræns ráðs kynnti í ræðu sinni í borgarstjórn.*

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar stafræns ráðs sem vísaði því áfram til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. janúar 2023.

**Svar:**

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir nánari útskýringum á eðli og umfangi samstarfs þjónustu- og nýsköpunarsviðs við Samband Íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt Ísland í stafrænni umbreytingu.*

Í kjölfar þess að ofangreind fyrirspurn barst þjónustu- og nýsköpunarsviði til umsagnar beindi sviðið þeirri fyrirspurn til Stafræns Íslands, hvort þjónustu- og nýsköpunarsvið og Stafrænt Ísland ættu í samstarfi að mati stofnunarinnar. Þá var óskað eftir upplýsingum um samstarf Stafræns Íslands við Reykjavíkurborg sem og önnur sveitarfélög á landinu í samhengi við þær lausnir eða þjónustur sem Stafrænt Ísland hefur gefið út og boðið öðrum stofnunum og sveitarfélögum aðild að.



## Stafrænt Ísland

Í svari frá Stafrænu Íslandi er eftirfarandi haft eftir Andra Heiðari Kristinssyni, framkvæmdarstjóra, og er hér vitnað í hann með hans leyfi:

*„Samstarf við Reykjavíkurborg um stafræna þróun er afar gott á fjölmörgum sviðum og er Reykjavíkurborg í allra fremstu röð sveitarfélaga að nýta sér ýmsa þjónustu Ísland.is. Reglulegt samstarf og samtal er á milli Stafræns Íslands og Reykjavíkurborgar og lögð er sameiginleg áhersla á að vinna að samnýtingu lausna og aðferðarfræði þar sem við á.“*

Að öðru leiti voru svörin við fyrirspurn Reykjavíkurborgar til Stafræns Íslands eftirfarandi og varða þau þær níu þjónustur sem Stafrænt Ísland hefur þróað og nýttar eru í samstarfi stofnunarinnar við aðrar stofnanir ríkisins, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög:

*Stafrænt pósthólf - meginboðleið stafrænna samskipta við einstaklinga og lögaðila, miðlægt í gegnum Ísland.is.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi er Reykjavíkurborg hér fremst í flokki en borgin var fyrst til að innleiða lausnina og hefja birtingu gagna. Önnur sveitarfélög hafa fylgt í kjölfarið.

*Innskráningarkerfi – örugg innskráning á vefkerfi opinberra aðila.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi var Reykjavíkurborg fyrsta sveitarfélagið til að tengja og nýta innskráningarpjónustuna. Önnur sveitarfélög hafa fylgt í kjölfarið.

*Umboðskerfi – innskráning fyrir hönd fyrirtækja, barna og einstaklinga sem gefið hafa umboð.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi hefur ekkert sveitarfélag tekið upp lausnina, enda lausnin enn í þróun og innleiðingu. Reykjavíkurborg hefur þó gert ráð fyrir umboðskerfinu í hönnun á þeim lausnum sem borgin er að smíða og mun virkja hana um leið og færi gefst.

*Straumurinn (X-Road) – öruggar gagnatengingar við stofnanir ríkisins.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi var Reykjavíkurborg fyrsta sveitarfélagið til að tengja sig við strauminn og sækja upplýsingar í gegnum hann til stofnana ríkisins. Önnur sveitarfélög hafa fylgt í kjölfarið.

*Mínar síður Stafræns Íslands – einn staður fyrir einstaklinga og lögaðila til að nálgast gögn og sækja sér þjónustu þvert á ríkið.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi eru Mínar síður í dag eingöngu fyrir stofnanir ríkisins. Mínar síður safna ekki neinum gögnum heldur sækja gögn til stofnananna á öruggan hátt í gegnum X-road.

*Ísland.is App – aðgangur að mikilvægum gögnum og þjónustu í farsímanum.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi birtast gögn Reykjavíkurborgar í Stafrænu pósthólfi einnig í appinu Ísland.is. Það á einnig við gögn annarra sveitarfélaga sem hafið hafa birtingu í Stafrænu pósthólfi.



*Umsóknarkerfi – notendavænt viðmót fyrir þjónustuveitingu hins opinbera.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi eru tólf sveitarfélög að nota umsóknarkerfi Ísland.is til að smíða sína umstóknarferla en fleiri haf sótt um að fá að nota það. Afar líklegt er að þarna verði mesta þróunin og áhersla á samstarf Stafræns Íslands við sveitarfélög á næstu árum.

*Hönnunarkerfi og vefir – samræmd nálgun í hönnun og efnisgerð í vefumhverfinu.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi hafa engin sveitarfélög nýtt hönnunarkerfið né vefviðmót, enda hefur áhersla Stafræns Íslands verið á A-hluta stofnanir ríkisins hvað þessa þjónustu varðar. Nokkur sveitarfélög hafa þó nýlega sótt um samstarf á þessu sviði.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið bendir á að Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær sem og nokkur önnur sveitarfélög til viðbótar hafa um hríð unnið með eigin hönnunarkerfi og vefviðmót til að hanna útlit á sínum þjónustuvef sem og þróa efni og upplýsingar um þjónustur sínar.

*Stafræn skírteini – gerir notandum kleift að færa sönnur á réttindi með farsíma sínum á öruggan máta.*

Samkvæmt svörum frá Stafrænu Íslandi hefur ekkert skírteini verið gefið út fyrir sveitarfélög á landinu, einungis stofnanir ríkisins.

### **Samstarf sveitarfélaga í stafrænni vegferð á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Eins og Stafrænt ráð hefur samþykkt og borgarráð staðfest verður þátttaka Reykjavíkurborgar í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni vegferð árið 2023 með sama sniði og árið 2022 þ.e. í formi þess að fleyta þekkingu, reynslu og lausnum í stað fjármagns inn í þau verkefni sem samþykkt hafa verið á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verkefni á árinu 2022:

Af þeim verkefnum sem voru á dagskrá samstarfsins á árinu 2022, eru samkvæmt yfirliti yfir verkefni og þátttöku sveitarfélaga sem sótt var af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 1. mars 2023, þrjú verkefni sem annað hvort er lokið eða eru enn í vinnslu:

*Sameiginlegt útboð á Microsoft leyfum - lokið.*

Samkvæmt upplýsingum á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga eru fimmtán sveitarfélög af sextíu og fjórum þátttakendur í sameiginlegu útboði á Microsoft leyfum, þar af er eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg, eins og fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar, bjóða sjálf út sín leyfi.

*Umsókn um fjárhagsaðstoð - lokið.*

Samkvæmt upplýsingum á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa þrettán sveitarfélög af sextíu og fjórum, þar af eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, innleitt umsóknarkerfi um fjárhagsaðstoð. Kerfið, sem þróað var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Kolibri út frá lausn Reykjavíkurborgar sem hún lagði án endurgjalds inn í samstarfið, var gefið út árið 2022. Þjónustu- og nýsköpunarsvið innleiddi umsóknarkerfi um fjárhagsaðstoð í starfsemi Reykjavíkurborgar árið 2019 en kerfið var þróað af borginni í samstarfi við Kolibri.



### *Spjallmenni - í vinnslu.*

Reykjavíkurborg leiðir útboð fyrir spjallmenni fyrir tuttugu og þrjú sveitarfélög undir flaggi samstarfs í stafrænni vegferð Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Hannaður verður sameiginlegan tæknigrunnur og keypt sameiginleg lausn sem aðlöguð verður að hverju sveitarfélagi fyrir sig.

### Verkefni á árinu 2023:

Hvað verkefni á dagskrá samstarfs sveitarfélaga í stafrænni vegferð á árinu 2023 varðar, þá hafa fimm verkefni verið samþykkt sem snúa að sameiginlegri þróun sveitarfélaganna á lausnum, tvö sem snúa að nútímalegum tækniinnviðum og eitt sem snýr að rekstri, hýsingu og viðhaldi lausna á Island.is.

Reykjavíkurborg hefur þegar lokið við fjögur af átta verkefnum sem samþykkt voru en fjögur verkefni eru enn í ferli innan borgarinnar. Framkvæmd þessara verkefna er hinsvegar ekki hafin innan samstarfsvettvangs Sambandsins Íslenskra sveitarfélaga, eða eru enn á undirbúningsstigi.

### *Nútímalegir tækniinnviðir.*

Tæknigrunnstefna og öryggisflokkun gagna – í ferli hjá Reykjavíkurborg.  
Rafræn skil gagna í langtímavarðveislu – lokið hjá Reykjavíkurborg.

### *Rekstur, hýsing og viðhald lausna á Island.is.*

Tengingar við Island.is - lokið hjá Reykjavíkurborg.

### *Sameiginleg þróun.*

Innritun í grunnskóla – lokið hjá Reykjavíkurborg.  
Innritun í leikskóla – í ferli hjá Reykjavíkurborg.  
Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði – lokið hjá Reykjavíkurborg.  
Umsókn um heimildagreiðslur (fjárhagsaðstoð) – í ferli hjá Reykjavíkurborg.  
Umsókn um þjónustu vegna úrgangsmála – í ferli hjá Reykjavíkurborg.

### **Samstarf opinberra aðila í stafrænni vegferð**

Þá er vert að benda á önnur verkefni sem eru í farvatninu. Nýlega samþykkti Stafrænt Ísland að Reykjavíkurborg fái að nýta hugbúnaðinn að baki *Samráðsgátt ríkisins* að og Stafrænt Ísland muni styðja við innleiðingu þess verkefnis hjá Reykjavíkurborg. Þá má benda á það samtal sem á sér stað milli ríkis og borgar um sameiginlega þróun á nemendagrunni fyrir öll sveitarfélögin í landinu, byggða á þeirri þróun sem unnin hefur verið innan Reykjavíkurborgar.

*Í framhaldi af því vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvort þær fullyrðingar sviðsins [um að sameiginleg innkaup með öðrum opinberum aðilum leiði til hagkvæmni og ávinnings fyrir alla] standist miðað við þá breyttu nálgun sem formaður stafræns ráðs kynnti í ræðu sinni í borgarstjórn.*

Já, sú fullyrðingin stenst að þegar það á við leiði sameiginleg innkaup með öðrum opinberum aðilum til hagkvæmni og ávinnings fyrir alla.



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,  
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið